

Fundargerð 847. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2017, föstudaginn 24. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson í símasambandi, Skúli Þór Helgason, Gunnar Axel Axelsson, Jónína Erna Arnardóttir í símasambandi, Ragnar Frank Kristjánsson í símasambandi í forföllum Höllu Sigríðar Steinólfsdóttur, Haraldur Sverrisson í forföllum Gunnars Einarssonar, Sigurður Björn Blöndal, Páll Marvin Jónsson í símasambandi í forföllum Aldísar Hafsteinsdóttur, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason í símasambandi.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð. Valur Rafn Halldórsson, stjórnsýslufræðingur á rekstrar- og útgáfusviði sambandsins fylgdist með fundinum í síma.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Málefni Þjóðskrár Íslands - 1702045SA

Eiríkur Björn Björgvinsson, fulltrúi sambandsins í stjórn Þjóðskrár Íslands, skýrði frá þeim hugmyndum ríkisstjórnarinnar að færa málefni Þjóðskrár til dómsmálaráðuneytisins, þegar innanríkisráðuneytinu verður skipt upp í tvö ráðuneyti - dómsmálaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Hann lýsti efasemdum sínum um þessar hugmyndir og taldi heppilegra að Þjóðskrá verði áfram tengd málefnum sveitarstjórnarstigsins í stjórnarráðinu. Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Stjórn sambandsins telur mikilvægt að Þjóðskrá heyri áfram undir ráðuneyti sveitarstjórnarmála og hverfa eigi frá hugmyndum um að flytja stofnunina undir hið nýja dómsmálaráðuneyti. Stjórnin bendir sérstaklega á að sveitarfélögin greiða umtalsverðan hluta af kostnaði við rekstur Þjóðskrár, vegna fasteignaskrár. Einnig skiptir miklu að gott samstarf og samráð sé milli Þjóðskrár og sveitarfélaga um almannaskráningu. Ekkert er því til fyrirstöðu að stofnunin annist áfram tiltekin verkefni fyrir önnur ráðuneyti á grundvelli þjónustusamnings, þótt hún heyri ekki beint undir það ráðuneyti, svo sem útgáfu vegabréfa og málefni upplýsinga-samfélagsins.

2. Fundargerð 846. fundar - 1610002SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 846. fundar frá 27. janúar 2017.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

3. Fundir Jónsmessunefndar 2017 - 1701050SA

Lagðar fram fundargerðir samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefndar frá 1. og 9. febrúar 2017. Einnig lögð fram tímaáætlun við undirbúning

að gerð samkomulags ríkis og sveitarfélaga í tengslum við mótun fjármálaáætlunar 2018–2022, vegna 1. liðar í fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 9. febrúar 2017.

4. Samkomulag ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál - 1702047SA

Lögð fram sem trúnaðarmál drög 4 að grein um sameiginleg verkefni ríkis og sveitarfélaga í samkomulagi á grundvelli laga um opinber fjármál, dags. 21. febrúar 2017.

Starfsmönnum sambandsins falið að vinna að gerð samkomulagsins á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Eiríkur Björn Björgvinsson vék af fundi kl. 12:45.

5. Siðanefnd sambandsins - 1702046SA

Lögð fram fundargerð 12. fundar siðanefndar sambandsins frá 14. febrúar 2017.

6. Skólamálanefnd sambandsins - 1601009SA

Lögð fram fundargerð 104. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 2. febrúar 2017.

Skúli Helgason vék af fundi kl. 13:12.

7. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 1511249SA

Lagðar fram fundargerðir 39. og 40. fundar verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga á sviði úrgangsmála frá 19. september 2016 og 17. febrúar 2017. Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða í samræmi við 5. tölulið fundargerðar 40. fundar verkefnisstjórnarinnar:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur nauðsynlegt að starfshópur um förgun á sóttmenguðum úrgangi og áhættuvefjum komi saman hið fyrsta og ljúki starfi sínu með tillögum um lausnir á förgun þessa úrgangs, í samræmi við tilnefningarbréf umhverfisráðuneytisins frá árinu 2012 og tillögum í landsáætlun 2013–2024 um meðhöndlun úrgangs. Í þeim er starfshópnum m.a. ætlað að skoða hvort ríkið komi með einhverjum hætti að byggingu eða rekstri einnar eða fleiri brennslustöðva til að tryggja viðunandi förgun tiltekinna dýraleifa og annars sóttmengaðs úrgangs.

8. Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2016 - 1610022SA

Lagður fram ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2016, sbr. 8. tölulið fundargerðar 846. fundar stjórnar. Ársreikningurinn hefur verið skoðaður af kjörnum skoðunarmönnum sambandsins og leggja þeir til að hann verði samþykktur.

Á fundinn kom Auðunn Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. 24. febrúar 2017. Hann áritaði jafnframt reikninginn sem óháður endurskoðandi sambandsins.

Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning sambandsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

9. Ársreikningur Bakhjarls sambandsins 2016 - 1701039SA

Lagður fram ársreikningur Bakhjarls Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur verið skoðaður af kjörnum skoðunarmönnum sambandsins og leggja þeir til að hann verði samþykktur.

Á fundinn kom Auðunn Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. 24. febrúar 2017. Hann áritaði jafnframt ársreikninginn sem óháður endurskoðandi Bakhjarls sambandsins.

Stjórnin staðfesti ársreikning Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

10. Kjaramál - 1605090SA

Lagt fram sem trúnaðarmál minnisblað Ingu Rúnar Ólafsdóttur, sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, og Bjarna Ómars Haraldssonar, sérfræðings á kjarasviði sambandsins, dags. 21. febrúar 2017, um kjaramál.

Stjórn sambandsins fellst á þau sjónarmið sem reifuð eru í minnisblaðinu og felur samninganefnd Sambands Íslenskra sveitarfélaga að leiða málið til lykta á grundvelli minnisblaðsins.

11. Heildarendurskoðun samþykktar sambandsins - 1604013SA

Lögð fram áfangaskýrsla starfshóps um heildarendurskoðun samþykktar sambandsins, dags. 20. febrúar 2017, ásamt tillögum að breytingum á samþykktum sambandsins og fundargerðum frá fundum starfshópsins. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins gerði nánari grein fyrir niðurstöðum starfshópsins, þar sem m.a. er lagt til að starfshópurinn starfi áfram og skoði nokkra þætti sem ræddir voru á fundum hópsins en ekki vannst tími til að ræða til þrautar.

Stjórn sambandsins felur starfshópi um heildarendurskoðun samþykktar sambandsins að starfa áfram og fjalla um frekari breytingar á samþykktunum, sem reifaðar eru í áfangaskýrslu hópsins, og skila niðurstöðum eins fljótt og verða má.

Stjórn sambandsins samþykkir að leggja áfangaskýrslu og tillögur starfshóps um heildarendurskoðun samþykktar sambandsins fyrir XXXI. landsþing sambandsins, sem haldið verður þann 24. mars 2017, til umfjöllunar og afgreiðslu.

12. Skilagrein Verkefnisstjórnar um notendastýrða persónulega aðstoð - 1511040SA

Lögð fram skilagrein Verkefnisstjórnar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), dags. 23. janúar 2017.

13. Styrkir til meistaranema - 1605158SA

Lagt fram minnisblað frá framkvæmdastjóra, sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs og sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 9. febrúar 2017, þar sem lagðar eru fram tillögur að styrkveitingu til meistaranema sem vinna að lokaverkefnum á sviði sveitarstjórnarmála.

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga samþykkir að styrkja eftirtaldar umsóknir um styrki til meistaranema 2017:

- a. Umsókn Dagnýjar Kristinsdóttur: Með hvaða hætti styðja sveitarfélögin við starfsþróun kennara, stjórnenda og annarra starfsmanna leik- og grunnskóla. Ritgerðarefnið tengist verkefni nr. 13 í verkefnalista 2017.
- b. Umsókn Önnu Sigurjónsdóttur: Hafa börn rödd og áhrif í samfélaginu? Rannsókn á ungmennaráðum höfuðborgarsvæðisins með hliðsjón af 12. grein barnasáttmálans um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif. Ritgerðarefnið tengist verkefni 20 í verkefnalista 2017.
- c. Umsókn Ólafíu Erlu Svansdóttur: Stefnumótun og innleiðing loftslagsstefnu hjá sveitarfélögum. Ritgerðarefnið tengist verkefni 25 í verkefnalista 2017.

Hver styrkur er að fjárhæð 250.000 kr., sbr. fjárhagsáætlun sambandsins 2017.

14. Mat á áhrifum sjómannaverkfalls - 1702016SA

Lögð fram skýrsla atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um mat á þjóðhagslegum kostnaði verkfalls sjómanna, dags. 10. febrúar 2017.

15. Drög að umsögn um frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi - 1610036SA

Lögð fram drög að umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 15. febrúar 2017, um frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, 128. mál.

Stjórn sambandsins samþykkir að framlögð drög að umsögn verði send Alþingi sem umsögn sambandsins.

16. Tilnefning í Framkvæmdasjóð aldraðra - 1701076SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 26. janúar 2017, þar sem Halldór Halldórsson, formaður stjórnar sambandsins, er tilnefndur til áframhaldandi setu sem aðalmaður í Framkvæmdasjóði aldraðra, og Gyða Hjartardóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd til áframhaldandi setu sem varamaður.

17. Tilnefning í Jafnréttisráð - 1701061SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 6. febrúar 2017, þar sem Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, er tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalmaður í Jafnréttisráði, og Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, til vara.

18. Tilnefning í samráðshóp til að draga úr notkun á einnota burðarpokum - 1701072SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Umhverfisstofnunar, dags. 6. febrúar 2017, þar sem Eygerður Margrétardóttir, deildarstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar Reykjavíkurborgar, er tilnefnd sem aðalmaður í samráðshóp til að draga úr notkun á einnota burðarpokum, og Lúðvík E. Gústafsson, verkefnisstjóri á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

19. Tilnefning í samráðsnefnd um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) - 1702035SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 16.

febrúar 2017, þar sem Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins er tilnefnd í samráðsnefnd um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, í stað Atla Atlasonar, deildarstjóra kjaradeildar Reykjavíkurborgar.

20. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands - 1702004SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 1. febrúar 2017, um þingsályktunartillögu um breytta skipan ráðuneyta, 68. mál.

21. Umsögn um drög að reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit - 1701070SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlinda-ráðuneytisins, dags. 9. febrúar 2017, um drög að reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit.

22. Umsögn um drög að lagabreytingum á sviði fjarskipta - 1702025SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 13. febrúar 2017, um drög að lagabreytingum á sviði fjarskipta.

23. Umsögn um drög að reglugerð um útlendingamál - 1702014SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til dómsmálaráðherra, dags. 20. febrúar 2017, um drög að reglugerð um útlendingamál.

24. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu 2017-2022 - 1702005SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 21. febrúar 2017, um þingsályktunartillögu um fjármálastefnu fyrir árin 2017-2022, 66. mál.

Fundi var slitið kl. 14:25.

Halldór Halldórsson

Eiríkur Björn Björgvinsson

Heiða Björg Hilmisdóttir

Gunnar Axel Axelsson

Jónína Erna Arnardóttir

Ragnar Frank Kristjánsson

Haraldur Sverrisson

Sigurður Björn Blöndal

Páll Marvin Jónsson

Gunnhildur Ingvarsdóttir

Ísólfur Gylfi Pálmason

framkvæmdastjóri

ritari